

reiknað, þann tíma sem mælirinn er í ófullkomnu lagi eftir þeirri vatnseyðslu, 176 sem mest hefur orðið hjá hlutaðeigandi notanda næsta ár á undan, miðað við 5. nív. einn ársfjórðung.

- f. Fyrir önnur vatnsafnot, svo sem í sláturhús, beitingahús o. fl., skal greiða gjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

#### 11. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts er 1. apríl ár hvert, þó skal greiða vatn ef það er selt um mæli samkvæmt e-lið 10. gr. ársfjórðungslega og er þá fyrsti gjaldldagi 1. apríl, annar gjaldldagi 1. júlí o. s. frv. Húseigandi ber ábyrgð á vatnsskatti húsa. Eigendur vörubíla bera ábyrgð á vatnsskatti þeirra og eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á því að vatnsskattur af stöð hans sé greiddur. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjaldldaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

#### 12. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytis.

#### 13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar allt að kr. 1 500.00 sekt, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerðinni skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerð nr. 2 2. jan. 1953 og breytingar á þeirri reglugerð nr. 50 30. marz 1955 og nr. 136 9. okt. 1958.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. nóvember 1959.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

## S A M Þ Y K K T

177

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Árnassýslu, nr. 73 15. apríl 1950.

9. nív.

#### 1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Með sjóði þessum skal byggja og viðhalda þeim sýsluvegum, sem ákveðnir eru í samþykkt þessari, eftir þeim reglum og fyrir þær fjárveitingar, sem sýslunefnd ákveður á hverjum tíma.

Sýsluvegir eru þeir, sem hér greinir, og skal greina þá í tvo flokka.